

Sjálfsmatsskýrsla
Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði
skólaárið 2015-2016

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði - Um starfsemi Barnaskólans 3
Um rekstraraðila 5
Starfsfólk og stjórnun 5
Um fjármál 5
Um húsnæðið 6
Sjálfsmat Barnaskóla Hjallastefnunnar við Hjallabraut 7
Skólastarfið 8
Mat á skólastarfi 9
Heildrænt námsmat 9
Matstæki 10
Gátlisti fyrir foreldraviðtöl 10
Foreldrakönnun Hjallastefnuskóla 10
Samantekt og úrbætur 10
Veikleikar 13
Styrkleikar 13
Kannanir og próf 14
Myndasafn skólans á Hjallavefnum – lokaðir facebook hópar 15
Útskriftarbók 15
Óformlegt mat á ýmsum þáttum 15
Starfsmannakönnun 15
Niðurstöður og úrvinnsla starfsmannakönnunar 16
Samantekt 16
Úrvinnsla og úrbætur kannanna 16
Úrvinnsla kannanna 17
Ársskýrsla 17
Forföll, fjarvera og önnur rekstrarleg skráning: 17
Aðbúnaður og eftirlit opinberra aðila 17
Ytri tengsl 18

Fylgt úr hlaði - Um starfsemi Barnaskólans

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er sjálfstætt starfandi skóli sem í ár samanstóð af 123 börnum, foreldrum þeirra og starfsfólki. Starf skólans hefur verið gróskumikið og farsælt þar sem fjölgun barna hefur átt sér stað frá ári til árs. Í vetur voru starfræktir 1.- 6. bekkir fyrir börn á aldrinum 6-11 ára. Var í fyrsta sinn starfandi 6. bekkur við skólann í vetur og skilaði það starf góðum námsárangri miðstigsins og almennri ánægju meðal barna og foreldra. Barnaskólinn var því kominn í óskastöðu að vera grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-9 ára sem telur yngsta stig grunnskólans ásamt því að geta haldið áfram þróunarvinnu á miðstigi. Þrátt fyrir metnaðarfullt, faglegt og skilnaðarvirkt starf á miðstigi var tekin ákvörðun í vor af stjórn Hjallastefnunnar að það yrði ekki miðstig á næsta skólaári þar sem sú eining stendur ekki undir sér rekstarlega séð og þar sem lausn um varanlegt húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ hefur ekki náðst. Mun Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði því leggja áfram áherslu á það faglega, uppbyggilega og metnaðarfulla starf sem hefur verið á yngsta stigi 1. – 4. bekkjar.

Barnaskólinn er staðsettur við Hjallabraut 55 í Hafnarfirði og er opinn frá kl.07.30 til kl.16.30 alla virka daga. Miðstigið var staðsett í vetur í húsnæði Engidalsskóla við Breiðvang 42 í Hafnarfirði. Opið var frá 7:30-14:30 alla virka daga.

Kennsludagur yngsta stigs hefst klukkan 08.30 að morgni og lýkur kl. 14.00. Hann er samfelldur með stundahléum og matarhléi. Foreldrum býðst að kaupa tómstundastarf skv. 33. grein grunnskólalaga og er það frá kl. 07.30 þar til skólastarf hefst og einnig eftir að skólastarfi lýkur og til kl. 16.30. Á miðstigi hófst kennslan kl. 8:30 – 14:30. Nemendum er boðið upp á málsverði á skólatíma. Auk hádegisverðar er framreidd morgunhressing um miðjan morgun. Öllum börnum stendur til boða að fá morgunverð og í Frístundaskólanum er boðið upp á nónhressingu. Börn og starfsfólk skólans fá heitan mat í hádeginu frá mötuneytiseldhúsi skólans, maturinn er eldaður í skólanum. Eldhúsið hefur öll starfsleyfi tilskilinna aðila.

Starfstími nemenda í grunnskólanum skólaárið 2015-2016 var frá 21. ágúst 2015 til og með 7. júní 2016 að höfðu samráði við foreldraráð og foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar sem og skólaráði skólans. Kennsludagar voru 180 skv. meðfylgjandi skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda.Vikulegur kennslutími hvers nemanda á yngsta stigi í grunnskólanum er að lágmarki 1200 mínútur á viku eða um 270 mínútur á dag sbr. kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 34 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.- 4. bekkjar í 28. gr. laga um grunnskóla. Vikulegur kennslutími 5. og 6. bekkjar miðstigs var að lágmarki 1400 mínútur á viku.
Skólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf. á grundvelli samkomulags við Hafnarfjarðarbæ og hefur verið svo frá haustinu 2007. Stjórnandi og aðalábyrgðaraðili skólans er Hildur Sæbjörg Jónsdóttir. Faglegur ráðgjafi og endanlegur ábyrgðaraðili er Hjallastefnan ehf. undir stjórn Margrétar Pálu Ólafsdóttur, fræðslu- og framkvæmdarstjóra.
Barnaskóli Hjallastefnunnar við Hjallabraut starfar eftir lögum um leik- og grunnskóla og fylgir gildandi reglugerðum þar að lútandi. Hjallastefnan og þar af leiðandi Barnaskólinn starfa eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir Aðalnámskrá grunnskóla og uppfylla öll markmið hennar. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli. Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í

skólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissum hætti í hópatímum. Lýsingu á því hvernig Barnaskólinn uppfyllir aðalnámskrármarkmið má sjá í skólanámskrá skólans.

Hjallastefnan hefur vakið alþjóðaathygli fyrir þróunar- og nýbreytnistarf í jafnréttismálum og hefur verið leiðandi í umræðu um kynjaskipt skólastarf hér á landi. Hjallastefnan er heildstæð hugmyndafræði með útfærðum starfslýsingum sem taka til allra þátta skólastarfsins. Hugmyndafræði Hjallstefnunnar er lýst í eftirfarandi ritum: Æfingin skapar meistarann – leikskóli fyrir stelpur og stráka, Námskrá Hjallastefnunnar, Gengi Hjallabarna í grunnskóla, öllum eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfund Hjallastefnunnar.

Meginreglur Hjallastefnunnar eru leiðarljós skólans og skulu þær ávallt hafðar í heiðri. Þær eru samt í stöðugri þróun og í október 2007 voru þær endurbættar og eru eftirfarandi:

Meginregla 1
Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Meginregla 2
Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

Meginregla 3
Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Meginregla 4
Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Meginregla 5
Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Meginregla 6
Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. (sjá frekari umfjöllun um meginreglur í Námskrá Hjallastefnunnar og fylgiskjali með endurbættum
meginreglum frá október 2007).

Um rekstraraðila

Rekstraraðili að grunnskólanum er Hjallastefnan ehf. og er félaginu stýrt samkvæmt lögum um einkahlutafélög nr. 138 frá 1994 svo og samkvæmt meðfylgjandi samþykktum og hluthafasamkomulagi fyrir Hjallastefnuna ehf. frá 26. nóvember 2006. Stjórn og varastjórn félagsins skipa þeir aðilar sem tilgreindir eru í Hlutafélagaskrá hverju sinni. Framkvæmdastjóri og aðaleigandi Hjallastefnunnar er Margrét Pála Ólafsdóttir M.Ed.
Hjallastefnan ehf. er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í leik- og grunnskólarekstri og öðrum skyldum verkefnum. Fyrirtækið rekur nú 14 leikskóla skv. þjónustusamningum við viðkomandi sveitarfélög. Að auki rekur fyrirtækið fjóra skóla á grunnskólastigi en það eru Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ, Hafnarfirði, Reykjavík og á Tálknafirði. Auk skólarekstursins má nefna víðtæka ráðgjöf og fræðslustarfsemi fyrir skóla svo og útgáfu námsgagna og starfsháttagagna fyrir leik- og grunnskólastarf.

Starfsfólk og stjórnun

Önnur meginregla Hjallastefnunnar leggur út frá því að „jákvæðni, gleði og kærleiki ráði ferðinni milli starfsfólks og gagnvart börnum og foreldrum.“ Þessi meginregla er í raun starfsmannastefna skólans svo og jafnréttisáætlun hans. (Sjá Námskrá Hjallastefnunnar). Skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar fer með æðsta vald í málefnum skólans samkvæmt skipulagsskrá. Skólastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans skv. lögum um grunnskóla og ákvæðum aðalnámskrár um markmið námsins, kennsluhætti og starfshætti grunnskóla. Hann er einnig fulltrúi skólans í öllum málum sem varða venjulegan rekstur og fulltrúi rekstraraðila gagnvart öðrum starfsmönnum. Skólaráðið skipa eftirfarandi aðilar: tveir kennarar þær Guðbjörg Árnadóttir og Hildur Sonja Guðmundsdóttir, tveir foreldrar þær Eva María Guðmundsdóttir og Berglind Ösp Jónsdóttir, tveir nemendur þær Viktoría Dís Valdimarsdóttir og Agnes Gígja Guðmundsdóttir, einn starfsmaður hann Þorsteinn Emilsson, einn nágranni hún Árný Steindóra Steindórsdóttir en hún er einnig leikskólastýra leikskólans Hjalla og skólastýra Barnaskólans, Hildur Sæbjörg Jónsdóttir ásamt skólastýru miðstigs sem er Íris Helga Baldursdóttir. Barnaskólinn uppfyllir kröfur 8. 9. og 10. gr. grunnskólalaga um foreldrafélag og foreldraráð.

Um fjármál

Í 43. grein grunnskólalaga segir eftirfarandi um fjármál sjálfstætt rekinna grunnskóla: „Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands.“ Á grundvelli þessarar greinar hefur verið gerður þjónustusamningur milli Hafnarfjarðar og
Hjallastefnunnar um rekstur skólans. Foreldrar barna úr öðrum sveitarfélögum en Hafnarfirði greiða 22.000 kr. í skólagjald á mánuði þar sem framlag heimasveitarfélaga þeirra miðast við reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kveða á um
umtalsvert lægra framlag með hverjum nemanda. Allir foreldrar greiða sérstaklega fyrir tómstundastarf og fæði í skólanum sbr. gjaldskrá á heimasíðu skólans; www.hjalli.is/bsk7610.

Kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár, eru fyrir hendi í skólanum og eru kennslugögn í mikilli þróun á grundvelli laga um námsgögn frá 2007.
Kostnaður við allt starf skólans; launakostnaður kennara og annarra starfsmanna svo og annar kostnaður, er á ábyrgð Hjallastefnunnar ehf. Í fjármála og bókhaldsdeild starfa Axel Einar Guðnason, Emilía Jóhannsdóttir og Ingigerður Hjaltadóttir sem annast innheimtu skólagjalda, greiðslu reikninga, útreikning launa og launagreiðslur. Stjórn Hjallastefnunnar ehf. svo og aðalfundur fyrirtækisins staðfesta ársreikninga hvers árs og liggja þeir fyrir hjá Ársreikningaskrá.

Tryggingar nemenda og starfsmanna: Hjallastefnan ehf. hefur tryggt allan skólarekstur sinn með samningi við Sjóvá; þ.e. alla kennara og aðra starfsmenn skv. kjarasamningum svo og nemendur á sambærilegan hátt og sveitarfélögin tryggja sinn rekstur.

Um húsnæðið

Húsnæði skólans er einingahús, með efra lofti að hluta og tengigangi. Húsnæðið er í eigu Hjallastefnunnar ehf. Aðstaða skólans hefur verið tekin út af embættum Heilbrigðis-, Brunavarna- og Vinnuverndareftirlita eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Aðstaða skólans að öðru leyti

- Kennslurými fyrir þær námsgreinar sem aðalnámskrá kveður á um; kennslustofur, eldhús og vinnurými með rennandi vatni.
- Skólasafn; nemendur og kennarar nýta sér að öllu leyti bókasafn Hafnarfjarðar.
- Aðstaða fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda er fullnægjandi.
- Aðgengi og aðstaða fatlaðra er fullnægjandi.
- Aðstaða til sérfræðiþjónustu við nemendur er fullnægjandi.
- Aðstaða til að neyta málsverðar er fyrir hendi; þ.e. öll börn matast inni á kjörnum.
- Snyrtiherbergi eru fyrir framan kjarna og í fatarými.
- Vinnuaðstaða fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólans er fullnægjandi.
- Íþróttaaðstaða og aðstaða fyrir almenna félagsstarfsemi nemenda er ágæt. Í vetur fór íþróttakennsla fyrir 3.-6. bekk fram í Kaplakrika og fóru börnin í rútu á milli staða í fylgd kennara. Nemendur 1. og 2. bekkjar nutu íþróttakennslu í sal leikskólans Hjalla. Frábært útivistarsvæði er við skólann og ósnortin náttúra allt um kring fyrir gönguferðir og útistarf. Aðstaða fyrir félagsstarf (tómstundastarf) er einnig góð. Sund er kennt í Suðurbæjarlaug Hafnarfjarðar.
- Útileiksvæði er eins og áður sagði með eindæmum, fjölbreytilegt og örvandi fyrir hvers kyns hreyfingu, leiki og kennslu. Það er notað í kennslustarfi nemenda með kennurum eða á frjálsum útivistartímum undir eftirliti kennara.

Sjálfsmat Barnaskóla Hjallastefnunnar við Hjallabraut

Í riti Menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla segir:
„Sjálfsmat skóla er markmiðstengt. Megintilgangur sjálfsmats er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum.“ (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Í þessu skyni fer fram margþætt sjálfsmat í skólanum á ári hverju. Í áðurnefndu riti Menntamálaráðuneytisins segir einnig: *„Sjálfsmat skóla þarf að byggja á kerfisbundnum aðferðum sem skólinn gerir opinberar og skjalfestir.“* (Menntamálaráðuneytið, 1997). Sjálfsmat skólans fer fram með formlegum, kerfisbundnum og reglulegum hætti, markvisst er unnið úr niðurstöðum og þær skjalfestar og nýttar til úrbóta auk þess sem skólinn birtir þær niðurstöður sem við á. Í bókinni: *Mat á skólastarfi*, bendir Sigurlína Davíðsdóttir (2008) á að sjálfsmat skólastofnana geti bæði verið með formlegum og óformlegum hætti og óformlega matið sé það sem algengast er að stofnanir og einstaklingar noti til þess að bæta eða breyta störfum sínum frá degi til dags. Í skólanum fer fram mikið óformlegt sjálfsmat sem oft hefur verið talið einn helsti styrkur skólans.

Við sjálfsmat Barnaskóla Hjallastefnunnar eru skólastjórar ábyrgir fyrir matinu í heild. Á hverri önn eru lagðar fyrir kannanir sem Hjallastefnan hefur þróað fá árinu 1999. Þessar kannanir eru þrenns konar. Í fyrsta lagi *foreldrakannanir*, öðru lagi *nemendakannanir* og í þriðja lagi *starfsmannakannanir*. Þegar búið er að vinna úr þessum könnunum eru þær kynntar fyrir hlutaðeigandi og unnin er umbótaáætlun. Niðurstöður foreldra- og nemendakannana eru kynntar foreldraráði og foreldrafélagi í fyrstu og að þeirri kynningu lokinni er tekin saman samantekt sem kynnt er á vef hvers skóla. Niðurstöður starfsmannakannana eru kynntar á starfsmannafundi og samantekt kynnt á vef skólans. Þessar kannanir eru nafnlausar og fá hlutaðeigandi sendar læsta slóð á vefsvæði sitt til að svara könnuninni. Það er kappkostað við að meta alla helstu þætti skólastarfsins, þ.e. markmið, stjórnun, nám og kennslu svo og líðan, aðbúnað og tengsl nemenda og starfsfólks. Þannig verður matið altækt. Það er mikilvægt að leggja kannanir fyrir á hverri önn til að meta hvort að árangur hafi náðst og auka þannig áreiðanleika mælinganna. Einnig er fylgst markvisst með námsframvindu nemenda.

Allt starfsfólk skólans er meðvitað um að starfsemin okkar er í sífelldri þróun og símati. Í skólabyrjun ár hvert er farið yfir stöðuna frá sl. skólaári og sjálfsmat skólans fyrir veturinn kynnt. Allir hafa kost á að koma með tillögur til úrbóta og skipar starfsmannahópurinn allur þann sjálfsmatshóp vegna smæðar skólans. Í upphafi skólaársins uppfærðu kennarar skólans kjarnanámskrár fyrir sinn nemendahóp. Í lok hvers skólaárs er unnin sjálfsmatsskýrsla og út frá henni er gerð starfs- og aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár varðandi þær umbætur sem vinna þarf að í kjölfar matsins. Í skýrslunni þurfa að koma fram hverjir styrkleikar- og veikleikar skólans eru varðandi hvern matsþátt og í lokin þarf að gera samantekt. Markmið eru sett, leiðir kynntar og viðmið um hvað sé árangur er skilgreint. Þannig er hægt að meta hvort að markmiðum er náð og hvaða árangri starfið hefur skilað út frá þeim viðmiðum sem sett hafa verið. Samantektir úr könnunum eru birtar opinberlega sem og heildarniðurstöður varðandi námsárangur nemenda. Ávallt er þó haldið í heiðri ákvæði gildandi laga um meðferð persónuupplýsinga.

Skólastarfið

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar saman stendur af ákveðnum þáttum sem lita allt skólastarfið. Mikil áhersla er á opinn og skapandi efnivið og lausnir barnanna sjálfra í stað leikfanga og hefðbundinna námsbóka. Lagt er upp úr jákvæðum aga og hegðunarkennslu þar sem nemendur læra lýðræðislega samskiptahætti innan ákveðins ramma. Samfara þessu byggir námskrá Hjallastefnunnar á aðalnámskrá grunnskóla (Námskrá Hjallastefnunnar 2007-2008). Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Í stað mismununar kynjanna og starfshátta sem þrýsta öllum í sama mót felur Hjallastefnan í sér viðurkenningu á einkennum hvað varðar kynferði, aldur, getu og sérkenni hvers og eins. Í stað mötunar og aðkeyptra verkefna fá nemendur tækifæri til að vinna í einföldu og nákvæmu umhverfi þar sem ímyndun, sköpun og skynjun er höfð að leiðarljósi (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992).
Starfsemi grunnskólans; þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla fylgir að öllu leyti aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt verður starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan er lögð á samvinnu við heimilin, starfshætti sem skulu mótast af „umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Frekari lýsingar á almennum starfsháttum eru að finna í Skólanámskrá Barnaskólans (2014-2015).

Námshópar bera heitið kjarnar, kynjaskiptir kjarnar eru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki eru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. námskrá.
Heimanám felst í daglegum heimalestri. Það er stefna skólans að hafa að öllu jöfnu ekki annað heimanám en lestur.

Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 40. gr. laga um grunnskóla er fyrir hendi fyrir börn, sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. Lög um málefni fatlaðra. Við skólann starfar sérfræðiteymi skólastjóra, sálfræðings og sérkennslufulltrúa. Sérkennslurými skólans er fullnægjandi sem og námsver skólans. Eru bæði rýmin nýtt fyrir markvissa einstaklingsþjálfun og hópavinnu.
Skólaheilsugæsla er fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og nýtur skólinn þjónustu Heilsugæslu Hafnarfjarðar í Firðinum. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir forvarnarvinnu með nemendum og kemur hálfsmánaðarlega í hús. Slysavarnir eru góðar og slysaskráning er fyrir hendi.

Mat á skólastarfi

Skólastarf Barnaskólans er þannig uppbyggt að einstaklingurinn er í fyrirrúmi og má með sanni segja að um einstaklingsmiðað nám sé að ræða. Carol Ann Tomlinson segir í bók sinni *The Differentiated Classroom. Responding to the Needs of All Learnes* (1991:10) að mat og kennsla sé óaðskiljanleg. Í stað þess að meta hvað nemandinn hefur lært þegar ákveðnu viðfangsefni er lokið er matið notað til að skilja hvernig best sé að skipuleggja frekara nám. Mat, hvort heldur er um að ræða mat á skólastarfi eða eiginlegt námsmatið, verður leiðbeinandi fyrir bæði starfsfólk og nemendur og hjálpar til við áframhaldandi þróun. Því er um heildrænt námsmat að ræða og það einkennist af eftirfarandi þáttum:

Heildrænt námsmat

• Umræður í litlum og stórum hópum
• Dagbókarskrif
• Verkmöppur
• Gátlisti
• Forpróf / könnun
• Viðhorfakönnun
• Málþing nemenda og / eða kjarnafundir
• Markviss endurgjöf, skrifleg/munnleg
• Leiðsagnarmat

Miðannarmati var bætt inn í námsmat nemenda á þessu skólaári í framhaldi af ósk foreldra um nánari og markvissari upplýsingar um stöðu barna sinna í náminu. Mældist það vel fyrir og mun því vera haldið áfram.

Námsmati Barnaskólans er hagað á sem fjölbreytilegastan hátt. Ákveðin lágmarksfærni skv. aðalnámskrá grunnskóla er metin hverju sinni. Verklag, færni, og hugmyndaauðgi er það mið sem tekið er af. Allt námsmat byggir á þátttöku barna. Leitast er við að börn öðlist smátt og smátt færni í að nýta sér þá þekkingu sem byggist upp í verklegum æfingum, þjálfun, rannsóknum og á fleiri vegu. Þannig byggir námsmat barnanna á frumkvæði, hugmyndaflugi og þátttöku. Í námskrá Hjallastefnunnar eru samskipti, vinátta, félagsleg færni, sjálfsstjórn, sjálfstæði, lýðræði og jafnrétti þættir sem metnir eru að verðleikum til jafns við aðrar námsgreinar eða þroskaþætti. Markvisst er unnið að því að bæði kyn fái notið sín á eigin forsendum (Námskrá Hjallastefnunnar 2005:3).
Skoðanakönnun foreldra fyrir skólaárið 2014-2015 sýndi að hluti foreldra fannst ábótavant hvað varðar upplýsingar um námslega stöðu barna sinna á miðju skólaári.
Barnaskóli Hjallastefnunnar tók því í vetur upp miðannarmat þar sem foreldrar fá upplýsingar um stöðu barna sinna í íslensku og stærðfræði þar sem miðað er við stöðluð námshæfniviðmið og kvarða er taka mið af almennri námshæfni og lykilhæfni barnanna. Mældist það mjög vel fyrir bæði hjá foreldrum og kennurum og mun það því verða gert áfram.

Matstæki

Gátlisti fyrir foreldraviðtöl

Á hvorri önn skólaársins fyllir hver kennari út gátlista yfir þroska og námsframvindu nemanda sinna. Með þessu móti er fylgst reglulega með framförum hvers barns bæði hvað varðar lykilhæfni og námssvið. Gátlistinn er sýndur foreldrum í formlegu foreldraviðtali sem fram fer einu sinni á önn. Það er á ábyrgð umsjónarkennara að hafa umsjón með útfyllingu gátlista og eftirfylgd þeirra.

Foreldrakönnun Hjallastefnuskóla

Á hvorri önn fer fram formleg tölfræðileg könnun á ánægju foreldra með fjölmarga þætti skólastarfsins svo og mat þeirra á líðan og ánægju barna sinna og samskipti við starfsfólk. Könnunin hefur á undanförnum árum verið rafræn og farið fram á fjölskyldusíðu en niðurstöður eru órekjanlegar til einstaka foreldra. Það er á ábyrgð Hjallastefnunnar ehf. að þessi könnun fari fram. Í ár var könnunin útfærð og gerð í samvinnu við Attendus – mannauðs og ráðgjafarfyrirtæki fyrir Hjallastefnuna. Tölfræðileg úrvinnsla og uppsetning var í umsjón ráðgjafa Attendus. Niðurstöður foreldrakönnunar eru síðan birtar foreldrum á fjölskyldusíðu Hjallavefsins auk þess sem ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsmannafundi svo og á teymisfundi stjórnenda Hjallastefnuskóla þar sem styrkleikar eru metnir og úrbætur fundnar á því sem þörf er á. Nánar má lesa um tilhögun foreldrasamstarfs í Námskrá Hjallastefnunnar. (sjá Foreldrakannanir)
Var lögð fyrir ein foreldrakönnun á liðnu skólaári og var hún framkvæmd á tímabilinu 11. apríl til 14. maí 2016. Eftir könnunina var farið yfir niðurstöður með starfsmannahópnum og atriði sem betur mega fara rædd og sett í farveg til umbóta. Einnig var góðu gengi komið til skila til starfsfólks til að viðhalda enn frekar því sem vel er gert.

Samantekt og úrbætur

Foreldrakönnun vorannar 2016 í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði kom á heildina litið mjög vel út. Almennt eru foreldrar ánægðir með starf skólans, viðmót starfsfólks og þá þjónustu sem veitt er þegar á þarf að halda. Foreldrar telja börn sín ánægð og líða vel. Foreldrar eru sérstaklega ánægð með þá hlýju, einstaklingsnálgun og jákvæðan aga sem barn þeirra fær. Einnig telja foreldrar það jákvætt að einungis er um heimalestur að ræða en enga heimavinnu að öðru leyti. Litlar bekkjareiningar og kynjaskipting er meðal þess sem margir foreldrar telja upp sem jákvæðan þátt í skólastarfinu ásamt skipulag skóladagsins. Almennt telja foreldrar samskiptin milli kennara, foreldra og barna byggjast á gagnkvæmri virðingu og lausnamiðuðum samskiptum. Foreldrum finnst almennt jákvætt að hafa skólabúninga þó gæði þeirra mættu vera betri – er Hjallastefnan að endurskoða þann þátt er varðar framleiðsuaðila og þjónustu skólafatnaðarins til foreldra.
Ábendingar um það sem betur má fara er m.a. varðandi meiri útiveru, sund og íþróttir. Eru þessir þættir í sífelldri endurskoðun til að uppfylla viðmiðin. Verða m.a. gerðar breytingar næsta skólaár þar sem kjörnum var áður skipt í tvennt í sundi og íþróttum er verið að skoða með að sameina kjarna þannig að einhverjir kjarnar fari allur í einu og verða íþróttakennararnir í stað þess tveir í einu þar sem því verður komið við. Fyrir vikið hefur Barnaskólinn meira rými fyrir hvern og einn kjarna til kennslu og aukin tíma þar af leiðandi. Mun það uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hreyfingar grunnskólabarna samkvæmt aðalnámsskrá. Munu foreldrar verða upplýstir betur um tilhögun útiveru, íþróttatíma og sundtíma. Jóga mun í vetur vera sem undirþáttur íþróttanna og fellur því undir íþróttatímana.

Almennt finnst foreldrum skólinn uppfylla þær kröfur sem aðalnámskrá og kynjanámskrá Hjallastefnunnar gerir varðandi náms- og félagslega þætti ásamt því að nálgun og útfærsla á náminu sé til fyrirmyndar. Öllum nema einum finnst barnið sitt vera mjög eða frekar ánægt í skólanum. Nánast allir foreldrar upplifa að mjög vel sé tekið á móti barninu þegar það mætir í skólann en athugasemd kom frá tveimur foreldrum að þau sakni þess að sjá skólastýru og eða kennara í fataherberginu. Á morgnana í vetur voru kennarar bæði að sinna kjarna og móttöku í fatarými. Verður farið yfir það með kennurum hvort þörf sé að gera beytingu þar á. Ein athugasemd kom um að erfitt væri að ná í skólastjórnendur og að tölvupóstum væri ekki svarað. Má vera að svo hafi verið í þessu tilfelli en vinnureglan er sú að öllum tölvupóstum er svarað eins fljótt og auðið er. Skipta póstarnir tugum yfir daginn svo að það gæti skýrt að eitthvað hafi skolast til. Eitt foreldri var ósátt við lausn mála og stjórnanda skólans. Má það vera tengt alvarlegu bmáli sem kom upp í vetur og var unnið í samstarfi við Barnavernd Hfj. Að öðru leyti er almenn ánægja með samstarf við skólastjórnendur og þá úrlausn og farveg sem mál hafa fengið. Kom ein athugasemd frá foreldri sem þykir ábótavant hvað varðar bekkjarkvöld. Hefur verið vaninn að hafa kjarnakvöld einu sinni yfir skólaárið og svo fjölskyldumorgna og krakkakaffi sem hefur mælst vel fyrir. Mun þetta verða tekið til skoðunar fyrir næsta skólaár og lagt undir börn og kennara. Mat foreldra á upplýsingaflæði skólans til foreldra er að það sé mjög gott. Kom ein athugasemd um að það væri of mikið. Kennarar senda almennt allir föstudagspóst til foreldra þar sem kemur fram hvað var gert í vikunni ásamt því að senda vikuáætlun vikunnar á eftir með námslegum áherslum og útfærslu. Almennir póstar sem eiga við mál er viðkoma öllum börnum skólans koma svo frá skólastjórnendum í samræmi við eðli málanna. Komu nokkrar athugasemdir um hirðusemi varðandi fatnað barnanna í fatarými skólans. Þarf að gera átak hvað umgang þar varðar og verður farið í það með börnum og kennurum strax í byrjun skólaársins. Foreldrar telja gæði máltíðanna í skólanum vera almennt góða fyrir utan eina athugasemd frá foreldri á miðstiginu.

Námsleg staða

Engar athugasemdir komu fram varðandi ónægar upplýsingar um námslega stöðu barns eins og var í síðustu könnun. Er það ánægja að sjá að viðbrögð skólans við því að upplýsa foreldra með miðannarmati og vikulegum áætlunum til foreldra hefur skilað sér eins og til var ætlast. Ramminn varðandi námslega þætti fyrir foreldraviðtöl er mjög skýr og hefur tekist vel að vinna eftir því og koma til skila til foreldra. Engar athugasemdir bárust er varðar námslega þætti barna.
Nokkrar athugasemdir bárust er varða skriftarkennslu barnanna og mun það verða tekið til athugunar og farið vel yfir í samráði við kennara skólans.

Sérkennsla

Öll börn sem hljóta sérkennslu að einhverju leyti er í góðum farvegi og er upplýsingagjöf og samvinna við foreldra almennt mjög góð. Ein athugasemd var gerð þar sem foreldri fannst barn sitt ekki fá úrlausn mála. Er það eitthvað sem hefur ekki skilað sér inn á borð til sérkennslufulltrúa eða skólastýru og verður því brýnt fyrir kennurum að koma málum áleiðis ef foreldrar bera undir þá áhyggjur.

Útivera

Nokkrar athugasemdir bárust varðandi ónægrar útiveru. Allir hópar eru með fasta útitíma einu sinni í viku með kennara sínum en mismunandi eftir vali barns hversu oft það fer út dags daglega. Farið verður vel yfir með kennurum hversu vel útivera er nýtt í bland við almenna kennslu. Verður borið undir starfsfólk skólans hvort það vanti jafnvel betra upplýsingaflæði til foreldra um hvernig útiveru sé háttað í skólanum.

Frístundarstarfið

Almenn og mikil ánægja er með starfsfólk frístundarinnar en kom athugasemd um að upplýsingaflæði til þeirra og frá þeim mætti vera betra. Ein athugasemd var gerð um verklag þar sem að barn hafði verið sent heim á röngum tíma. Verður farið vel yfir almennt verklag með starfsfólki frístundarinnar fyrir komandi skólaár. Starfsfólk frístundarinnar í vetur er allt einnig starfsfólk skólans á skólatíma fyrir utan einn starfsmann sem tilheyrði einungis frístundinni. Gefur það meiri samfellu og aukið öryggi fyrir börnin sem þess njóta.

Úrlausn mála hjá skólastýru

Tvær athugasemdir voru gerðar þar sem foreldrar voru óánægð með úrvinnslu mála. Ein athugasemd kom um að erfitt væri að ná í skólastjórnanda og að tölvupóstum væri ekki svarað. Má vera að svo hafi verið í þessu tilfelli en vinnureglan er sú að öllum tölvupóstum er svarað eins fljótt og auðið er. Skipta póstarnir tugum yfir daginn eins og hefur komið fram hér framar svo það gæti skýrt að eitthvað hafi skolast til. Að gefnu tilefni er vert að upplýsa foreldra um að það eru tvö tölvupóstföng, annað sem tilheyrir almennt Barnaskólanum - *barnaskolinnhfj@hjalli.is* og hitt sem er beint á skólastýru skólans – *hildur@hjalli.is* . Eitt foreldri var afar ósátt við úrlausn mála. Eina málið sem skólastýra tengir við er að það kom upp mjög alvarlegt mál í vetur sem þarfnaðist úrvinnslu út fyrir skólann. Að öðru leyti er almenn ánægja með samstarf við skólstjórnendur og þá úrlausn og farveg sem mál hafa fengið. Auk þess gæti þetta snúið að skólagjaldi, skólafötum og fleira sambærilegu þar sem ekki kemur fram í svari foreldra hvert sé eðli óánægjunnar. Spurning hvort könnunin þurfi skýrari útlistun á þeim þáttum sem fólk er óánægt með svo hægt sé að meta frekar og bregðast við uppgefnum ástæðum á markvissan hátt.

Húsnæði og skólalóð

Tvær athugasemdir bárust frá foreldrum á miðstigi vegna húsakosts og skólalóðar sem að þeirra mati var ekki fullnægjandi. Miðstigið starfaði í bráðabirgðarhúsnæði þetta skólaár í Engidalsskóla sem skýrir þá aðstöðu sem í boði var.
Enginn athugasemd barst hvað þessa þætti varðar er tilheyra yngsta stiginu, 1.- 4. bekk. Á Hjallabrautinni.

Skólafatnaður

Mjög margar athugasemdir bárust varðandi vefverslun og gæði skólafatnaðar. Það var mikið um það í haust að ekki voru allar stærðir til og mikið var um tafir á sendingum. Varðandi afhendingu skólafatnaðar er það í farvegi til að bæta þann þátt þjónustunnar til foreldra og barna skólans. Er verið að semja við nýjan framleiðanda til að fá betri gæði og einnig breytingu á dreifingu skólafatnaðar sem verður vonandi bæði til batnaðar.

Miðstigið

Nokkrar athugasemdir komu frá foreldrum barna á miðstigi Barnaskólans þar sem þeim þykir mjög miður að miðstigið starfi ekki áfram. Er gerð grein fyrir því í upphafi þessarar skýrslu hvers vegna svo sé. Almenn ánægja var meðal foreldra með starf miðstigsins og kennara þess og var það því með mikilli eftirsjá þegar því var slitið í vor.

Veikleikar

Veikir hlekkir eru ekki sem slíkir að okkar mati þó vissulega séu alltaf þættir sem séu í þróun og hægt er að gera úrbætur á. Einn aðalþáttur þess sem styrkir starfið í Barnskólanum er sá sterki kjarni kennara sem hefur verið til lengri tíma í Barnaskólanum og hefur verið að vaxa jafnt og þétt í gegnum árin. Starfið er almennt mjög faglegt og lausnamiðað ásamt því að góð samvinna og samstaða ríkir innan kennarahópsins. Jákvætt viðhorf og andrúmsloft kennara og stjórnenda gerir starfið enn ánægjulegra og skilar sér margfalt til barnanna.

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar vinna foreldrar og starfsfólk skólans mikið saman og sýna kannanirnar að almenn ánægja sé með samstarfið. Þjónustustig skólans er hátt eins og sú þjónusta sem að Hjallastefnan gefur sig út fyrir að veita. Það er þörf á því að upplýsa foreldra og börn enn markvissara fyrir hvað Hjallastefnan stendur þar sem að einstaka foreldrar og börn gera sér ekki grein fyrir þeirri sérstöðu sem við stöndum fyrir.

Styrkleikar

Sértækir starfshættir Hjallastefnunnar virðast vera það sem foreldrar sækjast eftir fyrir börnin sín þegar þau velja skólavist í BSK Hafnarfirði. Röð, regla og rútína ásamt litlum bekkjareiningum og þeim kennsluháttum sem Hjallastefnan stendur fyrir. Mikilvægt er að upplýsa foreldra um starfshætti skólans er varða hvort tveggja kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem fléttast saman við lykilhæfni og þætti aðalnámskrár grunnskóla. Eins fara fram sérstakar námskynningar að hausti hvers skólaárs þar sem boðið er upp á námskynningu fyrir hvern árgang, þar sem kennarar kynna starf vetrarins, kennsluaðferðir og viðfangsefni. Starfsmannahópurinn metur skólastarfið þannig að almennt sé stefnu skólans vel fylgt eftir, samvinna starfsmannahópsins góð, samstaða og jákvæðni mikil. Kennarar Barnaskólans hafa tileinkað sér lausnamiðuð vinnubrögð og jákvæða og einstaklingsmiðaða nálgun við hvern nemanda. Ytri rammi skólastarfsins er skýr og upplýsingar og ákvarðanir berast að jafnaði öllum jafnóðum. Lausnamiðuð samskipti gera það að verkum að veikleikarnir eru ekki truflandi og starfsmannahópurinn er flinkur að gera gott úr hlutum. Einn af okkar sterku hlekkjum er sá að meiri hluti kennara hafa verið til lengri tíma og því mikill styrkur af því ásamt þeim mikla mannauð sem því fylgir.

Mannauður hvers og eins er einnig virtur með tilliti til áhuga og hæfileika hvað varðar lotur á hverju skólaári fyrir sig og koma kennarar með óskir út frá áhugasviði, þekkingu og færni. Þannig fær hver og einn kennari að njóta sín í styrkleikum sínum en jafnframt að þróa sig í starfi og auka við þekkingu sína og reynslu.

Lokaorð vegna kannana

Brugðist verður við þeim þáttum sem þurfa þykir út frá samantekt og skilgreiningu okkar. Stjórnendur hafa rýnt vel í niðurstöður og er það faglegt mat okkar að mikið hefur áunnist á okkar vegferð. Kennarahópurinn hefur staðið þétt saman og faglegri vinnu verið sinnt vel. Faglegar ákvarðanir hafa verið teknar vegna tilfæringa innan kennarahópsins þar sem styrkleikar hvers og eins eru nýttir sem best.

Verður því komið á framfæri varðandi útfærslu bæði foreldra- og starfsmannakönnunar að sá möguleiki sé fyrir hendi að svarendur hafi tök á því að útlista nánar hvaða óánægjuþættir það eru nákvæmlega sem um ræðir ef svo ber undir. Ekki bara að merkt sé við fyrirfram gefin svör. Fyrir vikið verða kannanirnar markvissari og auðveldara að bregðast við ef þörf er á. Könnun sem þessi er nauðsynleg til að halda við góðu starfi og hlusta á raddir foreldranna til að mæta þeim ennþá betur með faglegum metnaði, gagnkvæmri virðingu og úrlausn mála öllum til heilla.

Kannanir og próf

Á öllum kjörnum er fylgst með framförum barna í þroska og námi. Árlega eru ákveðin verkefni lögð fyrir til að meta framfarir varðandi ákveðin markmið aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Þessar kannanir og próf voru lögð fyrir á eftirfarandi kjörnum.

Kjarnar	Viðfangsefni
6 ára	Hraðlestrarpróf þrisvar á önn. Kanna stafaþekkingu þrivar yfir skólaárið. Læsi 1 - lesskimum 1,2 og 3. LTL-skimun. Stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði-er metið þegar nemendur hafa lokið sérstökum þáttum ýmist með leiðsagnarmati, könnunum, sjálfsmati, vekefnum og kynningum.
7 ára	Hraðlestrarpróf þrisvar á önn. Læsi 2 – lesskimun 1 og 2. LTL-B1, sjónrænn orðaforði, LTL-B2, sjónrænn orðaforði, lesskimun. Talnalykill. Stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði-er metið þegar nemendur hafa lokið sérstökum þáttum ýmist með leiðsagnarmati, könnunum, sjálfsmati, vekefnum og kynningum.
8 ára	Hraðlestrarpróf þrisvar á önn. Orðarún 2 – lesskilningspróf. LTL-C1, sjónrænn orðaforði, LTL-C2, sjónrænn orðaforði. Framsagnarpróf ef lestur er 200 + atkv. á mínútu. Stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði-er metið þegar nemendur hafa lokið sérstökum þáttum ýmist með leiðsagnarmati, könnunum, sjálfsmati, vekefnum og kynningum.
9 ára	Samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Hraðlestrarpróf þrisvar á önn. Orðarún 3 og 4 – lesskilningspróf. LTL-D2, sjónrænn orðaforði. Framsagnarpróf ef lestur er 200 + atkv. á mínútu Stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði er metið þegar nemendur hafa lokið sérstökum þáttum ýmist með leiðsagnarmati, könnunum, sjálfsmati, vekefnum og kynningum.
10 ára	Hraðlestrarpróf þrisvar á önn. Orðarún 5 - 6, lesskilningspróf. Framsagnarpróf ef lestur er 200 + atkv. á mínútu. Stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði-er metið þegar nemendur hafa lokið sérstökum þáttum ýmist með leiðsagnarmati, könnunum, sjálfsmati, vekefnum og kynningum.

Myndasafn skólans á Hjallavefnum – lokaðir facebook hópar

Hjallastefnan ehf. rekur öflugan skólavef ; www.hjalli.is þar sem hýstar eru tugir þúsunda mynda af skólastarfinu. Í hverri viku setja kennarar hvers kjarna inn tugi og upp í hundruð mynda úr skólastarfinu. Foreldrar hafa aðgang með lykilorði að þessum myndum á fjölskyldusíðu Hjallavefsins og gefst þeim þar dýrmæt innsýn í viðfangsefni barna sinni yfir daginn svo og tækifæri til þess að meta líðan þeirra og samskipti í skólanum. Öll börn hafa fengið afrit af myndum sínum en með tilkomu lokaðrar facebook síðu hvers kjarna fyrir sig hefur foreldrum verið bent á að nálgast þær myndir sem þau vikja til eignar þar inni þar sem allar myndir sem kennarar setja inn tengt starfinu birtast þar. Síðastliðið haust voru foreldrar beðnir um skriflegt leyfi vegan myndbirtingar og stofnunar á lokuðum facebook hópum og hafa því myndir og upplýsingar með innsýn inn í starf hvers kjarna fyrir sig verið hægt og sígandi að færast þangað – var það gert til þess að koma betur til móts við óskir foreldra hvað það varðar og breyttar upplýsingarleiðir sem fylgja aukinni tækni.

Útskriftarbók

Öll börn búa til útskriftabók eftir hverja önn með myndum sem þau velja sjálf og skrifa við ásamt vinakveðjum til hvors annars.

Óformlegt mat á ýmsum þáttum

Óformlegt símat á frammistöðu í foreldrasamskiptum og uppeldisstarfi er mikilvægur þáttur í skólastarfi Barnaskólans. Lögð er mikil áhersla á að starfsmenn séu aðgengilegir fyrir foreldra í upphafi og lok skóladags. Á hverjum föstudegi fer svo tölvupóstur til allra foreldra í skólanum. Foreldrar eru hvattir til að svara þessum tölvupóstum og koma með ábendingar og vangaveltur beint til kennara. Þessi reglulegu, beinu samskipti eru sá vettvangur sem nýtist skólanum best til þess að laga starf sitt að þörfum barna og foreldra og bregðast skjótt við umkvörtunum, tilmælum og eða því sem foreldra eru sérlega ánægðir með.

Starfsmannakönnun

Á hverri önn er lögð könnun fyrir alla starfsmenn Hjallastefnuskóla þar sem spurt er um afstöðu þeirra, líðan og mat á einstökum þáttum starfs síns og starfssemi skólans s.s. endurmenntun starfsfólks, samskipti á vinnustaðnum, starfsanda í skólanum, líðan starfsfólks, samstarf, verkaskiptingu, stjórnun skólans svo og mat á eigin starfi. Könnunnin hefur verið rafræn undanfarin ár og eru svörin órekjanleg til einstakra starfsmanna. Hjallastefnan ehf. er ábyrg fyrir því að þessi könnun fari fram. Í ár var það í umsjá Sigríðar Guðmundsdóttur, ráðgjafa hjá Attendus að setja könnunina fram, vinna úr niðurstöðum og birta tölfræðilega úrvinnslu. Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar eru birtar starfsfólki á starfsmannasíðu Hjallavefsins auk þess sem ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsmannafundi svo og á teymisfundi stjórnenda. Eru styrkleikar metnir og úrbætur fundnar á því sem þörf er á með því að gera starfs- og aðgerðarskrá.

Niðurstöður og úrvinnsla starfsmannakönnunar

Starfsmannakönnun, niðurstöður í Barnaskóla Hjallastefnunnar haust 2015

Meðalstarfsaldur þeirra starfsmanna sem svöruðu eru 4-5 ár.
Á heildina litið er starfsánægja mjög mikil og flestir ánægðir með vinnuaðstöðu sína. Aðgangur að búnaði og gögnum finnst kennurum vera aðgengilegt ásamt því að flestir eru með það á hreinu til hvers er ætlast til af þeim í starfi og að þekking og hæfni þeirra nýtist vel í starfi. Nánast öllum finnst þeir fá þær upplýsingar sem þau þurfa til að geta sinnt starfi sínu vel. Almenn ánægja er meðal kennara varðandi að upplifa það að vinnufélagi eða stjórnandi hafi rætt um frammistöðu viðkomandi síðustu 12 mánuði. Kennarar upplifa að frammistaða þeirra sé metin að verðleikum af hálfu stjórnenda og að þeir sjálfir (kennararnir) séu duglegir að leita nýrra leiða til að vinna starf sitt betur og leita leiða til að þroskast og dafna í starfi.
Kennarar upplifa að þeir séu hvattir til að koma með hugmyndir um það sem gera má betur og að þeir finni að álit þeirra í vinnunni skiptir máli.
Varðandi þjálfun og fræðslu í tengslum við starf sitt telja kennarar almennt það í góðum málum en stundum vanti þeim þekkingu/handleiðslu í einstaka málum.
Kennarar meta það svo að jafnaði að samstarfsfélagar þeirra leggi sig fram um það öllu jöfnu að skila vel unnu verki og sýni metnað. Starfsandinn í skólanum er metin sérstakleag góður og má finna það m.a. á því jákvæða andrúsmlofti sem ríkir innan skólans. Kennarar meta það mikils og iðulega að þeir fái stuðning frá samstarfsfólki sínu. Einnig er almennt að kennarar hrósi samstarfsfóli sínu og stjórnendum sínum ef þeim gengur vel í starfi.
Mikil ánægja er með þann stuðning sem kennarar meta og fá frá stjórnendum þegar við á ásamt því að stjórnendur taki ætíð á erfiðum málum við hæfi og með góðri úrvinnslu.
Langflestir svara því að stjórnendur fylgi eftir þeim ákvörðunum sem teknar eru t.d. á fundum. Almennt myndu kennarar mæla með Hjallastefnunni sem góðum vinnustað við vini og fjölskyldu og eru ákaflega stoltir af því að vinna hjá Hjallastefnunni.

Samantekt

Almennt er góður og samheldinn starfsandi innan skólans, kærleiksrík samskipti, samhjálp, samvinna, jákvæðni og fagmennska. Starfsfólk er lausnamiðað og tilbúið til að aðstoða hvert annað þegar þörf er á bæði dags daglega og þegar mikið álag er í húsi. Mannauður hvers og eins fær að njóta sín ásamt því að skoðanir og raddir þeirra fá áheyrn, þar af leiðir að starfsfólki finnst það skipta máli fyrir vinnustað sinn. Gleðin, jákvæðni, gagnkvæm virðing og ánægja starfsfólks skilar sér margfalt mjög sýnilega til barna skólans.

Úrvinnsla og úrbætur kannanna

Skólinn er í mikilli þróun og því alltaf verið að bæta það sem þarf að bæta og því sem vel er gert haldið gangandi. Námsmatsvinna hefur verið í þróun og þetta skólaárið var endurbætt námsmat tekið í notkun og m.a. tengt lykilhæfni Aðalnámsskrá grunnskóla ásamt því að foreldrar fengu sent miðannarmat um barn sitt í janúar sem eins og áður segir mældist mjög vel fyrir.

Úrvinnsla kannanna

Sjálfsrýni stjórnenda skólans á frammistöðu sinni fer fram einu sinni á önn í kjölfar foreldra- og starfsmannakannana í teymi skólastjórnenda Hjallastefnunnar. Þar gefst mikilvæg sýn á þá þætti starfsins sem krefjast úrbóta en einnig á þá styrkleika sem skólinn býr yfir. Í kjölfar þessara kannana týna stjórnendur til svör, skýringar og úrbótaáætlanir yfir þá þætti sem betur mega fara og er þetta birt ásamt niðurstöðum kannana á viðeigandi stöðum á vef skólans. Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ehf. ber ábyrgð á því að þetta endurmat fari fram.

Ársskýrsla

Árlega er gerð ársskýrsla Barnaskólans fyrir undanliðið skólaár og er gerð hennar á ábyrgð skólastjórnanda. Í ársskýrslu koma fram allir helstu starfshættir fyrirtækisins eins og þeir voru framkvæmdir það starfsár sem skýrslan fjallar um. Ársskýrslan er opinbert gagn og er afhent rekstraraðila svo og Hafnarfjarðarbæ.

Skólanámsskrá

Skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði inniheldur rökstuðning á starfsemi skólans. Dregnar eru fram sérstöður og staðbundnar aðstæður skólans. Skólanámskráin er upplýsingarit fyrir foreldra, kennara og aðra starfsmenn skólans. Skólanámskrána fá foreldrar afhenta að hausti. Eintak af skólanámskránni er afhent skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar ehf. sem og skólaráði skólans sem hafa hana til umsagnar. Skólanámskráin tekur á öllum þáttum starfsins og er bundin af Aðalnámskrá grunnskóla og lögum um grunnskóla.

Forföll, fjarvera og önnur rekstrarleg skráning:

Hjallastefnan ehf. notar rekstrartölvukerfið Net-stjórnandann til vinnslu launa, vistgjalda og annarrar skráningar og útreikninga á rekstri skólans. Fjarvistarskráningar starfsfólks fara fram í gegnum Netstjórnandann og er hægt að skoða fjarvistir einstakra starfsmanna á tilteknum tímabilum svo og fá upplýsingar til útreiknings á fjarvistarhlutfalli.

Aðbúnaður og eftirlit opinberra aðila

Heilbrigðiseftirlit, eldvarnareftirlit svo og eftirlit með slysavörnum barna fer fram með reglulegum hætti og eftir opinberum reglum þar um. Slys eru skráð á þar til gerð slysaskráningareyðublöð sem eru tiltæk fyrir heilbrigðiseftirlit. Skólinn starfar eftir öryggisreglum og heldur reglulegar brunaæfingar. Skólamaturinn er eldaður í Barnaskólanum og farið er eftir stöðlum lýðheilsustöðvar. Hjallastefnan hefur sett sér skýr manneldismarkmið sbr. meðfylgjandi gögn.

Ytri tengsl

Um ytri tengsl eru að mestu við aðra leik- og grunnskóla í rekstri Hjallastefnunnar ehf og eðli málsins samkvæmt er samstarfið mikið við leikskólann Hjalla sem staðsettur er í sömu götu og við hlið Barnaskólans. Eru skólaskil á milli leikskóla og grunnskóla á hverju vori. Einnig hafa myndast sterk tengsl við aðra sjálfstætt starfandi skóla í gegn um Samtök sjálfstæðra skóla sem hafa staðið fyrir samstarfsvettvangi af ýmsu tagi. Skólinn nýtir Bókasafn Hafnarfjarðar mikið og einstaklega góð samvinna er á milli skólans og safnsins. Skólinn hefur einnig átt gott samstarf við starfsfólk Víðistaðakirkju þar sem bæði skólasetning og skólaslit fara fram ár hvert. Skólinn heldur öllum eðlilegum tengslum við atvinnulíf í Hafnarfirði, menningarstofnunum, heilsugæslu, umferðarráð, barnaverndaryfirvöld og félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.
Samvinna við skólaskrifstofu hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin Barnaskólanum til góðs. Einnig er samningur við rútufyrirtækið SBA sem sér um rútuferðir 8-9 barna í íþróttir.

Niðurlag

Barnaskóli Hjallastefnunnar lýkur nú í vor 2016 sínu 9. skólaári sem hefur verið farsælt og ríkt af faglegu og metnaðarfullu starfi að venju. Býr Barnaskólinn yfir mikilli breidd hvað varðar faglega þekkingu og dýrmætum metnaði í auði hvers kennara og starfsfólks skólans. Horfum við með björtum augum og stolti á það framsækna og faglega starf sem Barnaskólanum í Hafnarfirði býður upp á.